

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduóssbæ.

1. gr.

Blönduóssbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 25.000.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr. 8.635 pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr. 10.835 pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr. 11.825 pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 14.850 pr. þró

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibils sé 50 metrar eða styttri. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

5. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald kr. 8.635 fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 304/2012. Gjaldskráin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Blönduóssbæjar þann 11. desember 2012 og samþykkt í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 18. desember 2012.

Blönduósi, 7. janúar 2013.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2013